

**Hrafn Magnússon,**  
**fyrirverandi framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða**

## **Tildrög að stofnun Landssamtaka lífeyrissjóða 18. desember 1998.**

**Hátíðarávarp flutt á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða þann 30. maí 2013.**

Ágætu fundarmenn og aðrir gestir.

Í störfum mínum fyrir samtök lífeyrissjóða, allt frá vordögum 1975 fram á síðsumar 2011 eða í rúm 36 ár, var ég oft beðinn um að halda ræður og ávörp, taka þátt í umræðum eða panel bæði á vegum lífeyrissjóðanna og einnig á vegum ýmissa hagsmunasamtaka, jafnvel stjórnvalda. Allt lukkaðist þetta einhvern veginn en aldrei hlotnaðist mér sá heiður að vera beðinn um halda hátíðarávarp.

Nú er hins vegar komið að því og þegar þess var farið á leit við mig að ég myndi ávarpa aðalfundargesti í tilefni þess að í ár eiga Landssamtök lífeyrissjóða 15 ára afmæli, þá þurfti ég ekki að hugsa mig um tvisvar og „*hér stend ég og get ekki annað*“, svo vitnað sé orðrétt í Lúther. Hann sagði reyndar í framhaldinu „*svo hjálpi mér guð, amen!*“ Ég held að það sé óþarfi að bæta því við í mínu tilviki.

En komum að tilefni þess að ég var beðinn um að segja fáein orð um tildrög að stofnun Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir tæpum 15 árum.

Skoðum hvernig umhorfs var á vettvangi lífeyrissjóðanna á þessum árum fyrir stofnun Landsamtakanna. Tvenn samtök lífeyrissjóða voru starfandi.

Annars vegar Samband almennra lífeyrissjóða, SAL, sem var samband lífeyrissjóða á vettvangi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands. Um var að ræða þá lífeyrissjóði sem stofnaðir voru í kjölfar kjarasamnings ASÍ og VSÍ frá 19. maí 1969 þar sem fjallað var um stofnun lífeyrissjóða fyrir verkafólk á almennum vinnumarkaði.

Flestir lífeyrissjóðir á samningsviði ASÍ og VSÍ áttu aðild að SAL, en þó ekki allir og munaði þar mestu um Lífeyrissjóð verzlunarmanna, sem þá og mörg ár síðar var stærsti lífeyrissjóðurinn á Íslandi miðað við eignir. Þrátt fyrir að Vinnuálagssamband samvinnufélaga hafi staðið að kjarasamningunum um stofnun lífeyrissjóða með almennri þátttöku verkafólks, stóð Lífeyrissjóður SÍS, seinna Samvinnulífeyrissjóðurinn, utan SAL.

Þessir sjóðir tveir, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Samvinnulífeyrissjóðurinn, voru hins vegar hryggjarstykkið í hinu sambandinu, Landssambandi lífeyrissjóða, sem var eldra samband, stofnað fyrir þá sjóði sem voru starfandi á Íslandi fyrir árið 1970 en Landssamband lífeyrissjóða náði einnig til nokkurra sveitarfélagasjóða og munaði þar

mestu um Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar, en einnig má nefna Lífeyrissjóð lækna og Lífeyrissjóð verkfræðinga. Allir þessi lífeyrissjóðir áttu aðild að Landsambandi lífeyrissjóða.

Hvernig stóð á því að þessi samtök lífeyrissjóða voru ekki sameinuð strax í árdögum almennu sjóðanna? Fyrir því eru væntanlega margvíslegar skýringar en megin ástæðan var sú að Samband almennra lífeyrissjóða voru heildarsamtök lífeyrissjóða sem bjuggu allir við samræmda reglugerð eða samþykktir. Um var að ræða lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði, eins og áður segir, sem störfuðu mjög náið saman, með sérstökum samskiptareglum sín á milli og sambærilegum lífeyrisréttindum, svokallaðir stigassjóðir, en oft voru almennu sjóðirnir kallaðir „*samræmd lífeyrisheild*“.

Lífeyrissjóðir innan Landssambands lífeyrissjóða komu hins vegar sitt úr hvorri áttinni, eins og áður segir, bæði lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði, fyrirtækjalífeyrissjóðir og lífeyrissjóðir sveitarfélaga. Þessir sjóðir voru ekki stigassjóðir og lífeyrisréttindin voru mjög frábrugðin milli sjóða innan sambandsins.

Sjóðir innan Landsambands lífeyrissjóða gátu því eðli málsins samkvæmt ekki orðið aðilar að SAL, Sambandi almennra lífeyrissjóða. Hugsanlega gátu SAL-sjóðirnir myndað deild innan Landssambands lífeyrissjóða, en fyrir því var enginn áhugi, hvorki innan Landsambandsins né innan SAL. Væntanlega hefur ólík uppbygging samtakanna haft mest að segja að svo varð ekki.

Hitt skiptir líka miklu máli, að utan hinna tveggja lífeyrissjóðasambands stóðu fjölmargir aðrir lífeyrissjóðir. Þeirra stærstur var Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, en auk þess stóðu aðrir öflugir sjóðir utan sambandanna, t.d. Lífeyrissjóður sjómanna, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, Lífeyrissjóður bankamanna, Almenni lífeyrissjóðurinn og Frjálsi lífeyrissjóðurinn.

Í stærðarlegu tilliti var skiptingin þannig við stofnun Landssamtaka lífeyrissjóða, að innan SAL voru lífeyrissjóðir með um 33% heildareignanna; innan Landssambands lífeyrissjóða voru sjóðir með um 30% af heildareignum og utan þessara tveggja samtaka sjóðir með um 37% af heildareignum.

En af hverju kom frumkvæðið frá SAL að stofna heildarsamtök lífeyrissjóða? Fyrir því voru margvíslegar skýringar. Þær helstu að SAL og Landssamband lífeyrissjóða hófu samstarf á mörgum sviðum. Einkum í tengslum við kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins á árinu 1986 þegar lífeyrissjóðir skuldbundu sig til að verja allt að 55% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum Húsnæðisstofnunar ríkisins en á móti var lánsréttur íbúðalána Húsnæðisstofnunar bundin aðild að lífeyrissjóðunum. Árlega áttu fulltrúar SAL og Landssamband lífeyrissjóða mjög farsælt og náið samstarf þegar kom að samningum við stjórnvöld um vaxtakjör af þessum skulda-bréfum Húsnæðisstofnunar.

Margt fleira má nefna, t.d. það að Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Samvinnulífeyrissjóðurinn tóku síðar upp stigakerfi við mat á lífeyrisréttindum og einnig að gengið var

frá víðtæku samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða, sem náði til lífeyrissjóða með sambærilega réttindaávinnslu, svo sem til Lífeyrissjóðs sjómanna og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Ljóst var að þegar hér var komið sögu að lífeyrissjóðirnir í landinu áttu langtum fleira sameiginlegt heldur en það sem gerði þá ólíka að uppbyggingu og gerð. Eitt helsta sameiginlega viðfangsefni SAL og Landssambands lífeyrissjóða voru auðvitað margvísleg samskipti við stjórnvöld allra tíma, koma sjónarmiðum lífeyrissjóðanna á framfæri og koma í veg fyrir óeðlilega afskiptasemi þeirra í garð sjóðanna.

Allt þetta færði sjóðina saman og menn sáu að það var fleira sem sameinaði þá en aðgreindi. Auðvitað voru skiptar skoðanir, einkum hjá forystumönnum lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði, hvort lífeyrissjóðir með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga ættu yfirleitt rétt á skipsrúmi í sameiginlegu fari lífeyrissjóðanna.

Þá voru líka skiptar skoðanir, hvort lífeyrissjóðir sem þá tengdust viðskiptabönkunum þremur og voru með réttindagrundvöllinn að mestu í séreign en ekki samtryggingu, ættu yfirleitt nokkurn kost á aðgöngumiða að nýjum samtökum lífeyrissjóðanna.

Allt gerði þetta sameiningaferli samtaka lífeyrissjóðanna erfitt fyrir. Innan SAL gætti líka óþreyju, hversu hægt gekk að fá fleiri sjóði inn í samtökin, einkum var þá horft til Lífeyrissjóðs sjómanna og reyndar til fleiri lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ.

Satt best að segja var það þó einkum á hendi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, hvort tækist að sameina lífeyrissjóðina í ein heildarsamtök. Við Þorgeir Eyjólfsson höfðum átt mjög náið og heilladrjúgt samstarf um áratuga skeið. Sama má reyndar segja um samstarf og vináttu okkar Margeirs Daníelssonar varaformanns Landsambandsins. Gagnkvæmt trúnaðarsamband milli mín sem framkvæmdastjóra SAL og forystusveitar Landssambands lífeyrissjóða hafði sitt að segja að formlegar viðræður hófust vorið 1998 um stofnun sameiginlegra hagsmunasamtaka lífeyrissjóðanna.

Aðalfundur Sambands almennra lífeyrissjóða var haldinn í maímánuði, þar sem samþykkt var að hefja viðræður við lífeyrissjóði utan SAL með það að markmiði að koma á nánari samvinnu milli sjóðanna, sem geti leitt til stofnunar nýrra hagsmunasamtaka lífeyrissjóðanna.

Í framhaldi af þessari ósk SAL samþykkti aðalfundur Landssamband lífeyrissjóða nokkru síðar að ganga til viðræðna við Samband almennra lífeyrissjóða um nánara samstarf eða stofnun sameinaðra hagsmunasamtaka fyrir lífeyrissjóðina, jafnframt sem kannaður yrði áhugi þeirra sjóða sem stóðu utan lífeyrissjóðasambandanna um þátttöku í sameiginlegum hagsmunasamtökum sjóðanna.

Niðurstaða viðræðnanna varð sú að stefna bæri að samruna Landssambands lífeyrissjóða og Sambands almennra lífeyrissjóða með stofnun nýrra samtaka, sem hefðu það að markmiði að auka hagræði og lækka rekstrarkostnað lífeyrissjóðanna.

Hagræðingin yrði síðan enn meiri, ef flestir þeirra lífeyrissjóða sem stóðu utan sambandanna, yrðu þátttakendur í nýju samtökunum.

Viðræðunefndin var þannig skipuð að f.h. SAL voru þau Hallgrímur Gunnarsson, formaður SAL og stjórnarmaður í Sameinaða lífeyrissjóðnum, og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, varaformaður og stjórnarmaður í Lífeyrissjóðnum Framsýn, sem nú er innan vébanda Gildis lífeyrissjóðs. Af hálfu Landssambands lífeyrissjóða tóku þátt þeir Þorgeir Eyjólfsson, formaður Landsambandsins og forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og Margeir Daníelsson framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins og varaformaður Landsambandsins. Samvinnulífeyrissjóðurinn er nú orðinn hluti af Stöfum lífeyrissjóði. Sá sem hér mælir starfaði síðan með viðræðunefndinni.

Nefndarstörf gengu vel og án nokkurs alvarlegs ágreinings. Nefndarmenn voru sammála um það strax í upphafi að allir lífeyrissjóðir skyldu eiga þess kost að gerast stofnaðilar að samtökunum.

Nokkur umræða var í nefndinni um stjórnskipan sambandsins, því hefðin var misjöfn hjá aðilum. Í stjórn SAL voru eingöngu stjórnarmenn úr sjóðunum með jafnri skiptingu launþega og atvinnurekenda en enginn framkvæmdastjóri. Hjá Landssambandi lífeyrissjóða voru nær eingöngu framkvæmdastjórar í stjórn sambandsins. Ákveðið var að taka tillit til beggja sjónarmiða með þeim einfalda hætti að einungis væri getið um hversu fjölmenn stjórnin átti að vera og um lengd kjörtímabils stjórnarmanna.

Auðvitað var fjallað um nafn á hinum nýju heildarsamtökum. Nafnið Samband almennra lífeyrissjóða gat ekki gengið, en hins vegar kom vel til greina að nota nafnið Samband lífeyrissjóða. Landssamband lífeyrissjóða gat vitaskuld alveg gengið en lokaákvörðunin var þó að hin nýju heildarsamtök skyldu heita Landssamtök lífeyrissjóða og tekin var upp skammstöfun landsambandsins LL

Ágætu fundarmenn og gestir.

Stofnfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn þann 18. desember 1998 og mátti ekki seinna vera á árinu.

Fundurinn var fjölmennur og mættu fulltrúar lífeyrissjóða með tæplega 97%% af heildareignum sjóðanna. Það kom einkum í minn hlut að ræða við þá forystumenn lífeyrissjóða sem stóðu utan beggja lífeyrissjóðasambandanna. Nærri má geta að almenn ánægja ríkti meðal stofnfundargesta með hina miklu þátttöku lífeyrissjóðanna að hinum nýju samtökum.

Koen De Ryck, fyrrverandi framkvæmdastjóri samtaka evrópska lífeyrissjóðasamtaka og ráðgjafi Evrópusambandsins í lífeyrismálum, flutti erindi á stofnfundinum. Koen De Ryck vann ötullega í þágu lífeyrissjóða á vettvangi Evrópusambandsins og fyrir það starf sitt öðlaðist hann viðurnefnið „*faðir evrópsks lífeyris.*“ Það var mikill heiður

að fá Koen De Ryck á aðalfundinn en hann lést í september 2010 af völdum heilaæxlis og var öllum harmdauð sem hann þekktu.

Auk þess flutti Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra Geirs H. Haarde, ávarp í fjarveru hans, þar sem m.a. komu fram hlýjar óskir ráðherrans í garð hinna nýju samtaka.

Í lok fundar var kosin átta manna stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða. Í stjórn LL voru bæði fulltrúar launþega og atvinnurekenda svo og nokkrir framkvæmdastjórar lífeyrissjóða. Þá var leitast var að taka tillit til landsbyggðarinnar og smærri sjóða við val á stjórnarmönnum. Ekki tókst hins vegar vel að uppfylla góðan ásetning um kynjaskiptingu og var aðeins ein kona í fyrstu stjórninni, Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

-----

Þegar ég var að semja þetta hátíðarávarp bað ég konu mína að lesa ávarpið yfir. Að loknum lestri gat hún þess að þetta væri frekar leiðinlegt ávarp. Ég hefði byrjað nokkuð vel með því að vitna í Lúther, en það vantaði meira húmor í ávarpið.

Hvaða stétt liggur helst undir höggi? Það er auðvitað vinir okkar tryggingastærðfræðingar. Tveir tryggingastærðfræðingar voru á gæsaveiðum. Þeir sjá gæs sem kemur fljúgandi í átt til þeirra. Annar tryggingastærðfræðingurinn miðar og skýtur 10 metrum til vinstri við gæsina. Hinn tryggingastærðfræðingurinn skýtur hins vegar 10 metrum til hægri við gæsina. Tryggingastærðfræðingarnir verða yfir sig ánægðir og klappa hver öðrum á öxlina, því að meðaltali hafa þeir hitt gæsina

Ágætu hátíðargestir

Ég vil óska okkur öllum til hamingju með stofnun Landssamtaka lífeyrissjóða. Starfsemin hefur stóreflst á undanförunum árum, einkum þó eftir hrun efnahagslífsins haustið 2008.

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð á hárréttum tíma, ekki síst með hliðsjón af nýsettum lögum um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og hafa heldur betur sannað tilverurétt sinn. Stofnun Landssamtakanna var ekki verk fárra manna, heldur komu að stofnuninni fjölmargir aðilar, forystusveit beggja samtaka lífeyrissjóðanna, svo og stjórnarmenn og lykilstarfsmenn sjóðanna. Þeirra er heiðurinn að svo vel tókst til með stofnun samtakanna.

Til hamingju góðir fundarmenn og gestir með fimmtánda afmælisár Landssamtaka lífeyrissjóða.